


Stefnumótun og framtíðarsýn íþróttamála

Fjallabyggð



2023

2035

Samráðshópur um stefnumótun
og framtíðarsýn íþróttamála í Fjallabyggð



i Efnisyfirlit

Stefnumótun og framtíðarsýn íþróttamála	3	1 Stefnumótun til framtíðar um metnaðarfulla uppbyggingu fjölbreytts íþróttastarfs fyrir íbúa Fjallabyggðar á öllum aldri	11
Hlutverk	4	2 Styrkjakerfi sveitarfélagsins til íþróttamála með tilliti til þess hvernig hægt sé að hvetja til sameiningar íþróttafélaga í sömu grein innan sveitarfélagsins	16
Góð íþróttaaðstaða og öflugt íþróttastarf	5	3 Framtíðarsýn í uppbyggingu íþróttamannvirkja og aðstöðu til íþróttaiðkunar innan húss og utan	18
Framtíðarsýn	6	4 Að ráðstöfun fjármuna sveitarfélagsins sé forgangsraðað á þann hátt að þeir nýtist fjöldanum	23
Leiðarljós	7	5 Rekstrarform íþróttasvæða og mannvirkja í eigu sveitarfélagsins	26
Gildi	8		
Stefnumótun á breiðum grunni með aðkomu fjölda hagsmunaaðila	9		
Umfjöllunarefni samráðshóps	10		

Stefnumótun og framtíðarsýn íþróttamála

- Stefnunni er ætlað að vera leiðarljós Fjallabyggðar við gerð áætlana sveitarfélagsins á sviði uppbyggingar aðstöðu og mannvirkja í íþróttamálum sem ætlað er að styðja við almenna heilsueflingu og styðja við það íþróttastarf sem fram fer í bæjarfélaginu. Tekið er tillit til þarfa íbúa óháð aldri, stétt, stöðu, uppruna og kyni.
- Tilgangurinn er að efla lífsgæði íbúa, efla hreyfingu, bæta heilsu og stuðla að forvörnum með því að bjóða upp á fjölbreytta og góða aðstöðu til hverskonar íþróttaiðkunar.
- Með metnaðarfullri uppbyggingu í málaflokknum er höfðað til innlendra og erlendra gesta sem vilja sækja bæinn heim.

Hlutverk

Hlutverk sveitarfélagsins er að koma að öflugri innviðauppbyggingu til að styðja við auðugt íþróttalíf í sveitarfélaginu til æfinga sem og keppni. Hún getur verið í formi íþróttamannvirkja og svæða en einnig í formi stuðnings við íþróttafélög og iðkendur.

Hlutverk íþróttafélaga er að byggja upp starfsemi á sviði hvernar íþróttagreinar. Þar er framlag sjálfbóðaliða mikilvægt. Faglegt íþróttastarf skiptir miklu máli í heilbrigðu og félagslegu uppeldi barna og unglunga sem og í góðri lýðheilsu íbúa á öllum aldri. Íþróttastarf hefur mikið forvarnargildi í víðasta skilningi þess orðs.



Góð íþróttastaða og öflugt íþróttastarf:

- eykur samkeppnishæfni Fjallabyggðar
- stuðlar að bættri lýðheilsu íbúa
- gerir afreksfólki auðveldara að stunda íþrótt sína
- gerir Fjallabyggð að betri stað til að búa á
- er góð forvörn fyrir íbúa á öllum aldri
- stuðlar að auknum lífsgæðum
- laðar að gesti til lengri og skemmri dvalar



Leggjum áherslu á sérstöðu svæðisins til iðkunar vetraríþrotta og styðjum við viðburði sem snúa að þeim. (Þjálfari)

Bætum samgöngur á milli byggðakjarna til að auðvelda ungu fólki að sækja íþróttæfingar. (Fulltrúi ungmennaráðs)

Með uppbyggingu á samkeppnishæfri aðstöðu minnka líkur á brotfullum ungmenna úr íþróttum. Framtíðin eru börnin. Við skulum halda í þau eins og við getum. Þau eiga allt það besta skilið. (Forsvaraðili íþróttafélags)

Þurfum að halda á lofti þeirri staðreynd að við búum í útivistarparadís og leggjum áherslu á að merkja gönguleiðir, útbúa göngu- og hjólastíga og jafnvel hvetjandi kerfi til að “safna” kennileitum/áfangastöðum. (Íbúi)

Í draumaheimi geta allir þegnar samfélagsins æft og keppt í sinni grein á jafnréttis grundvelli allan ársins hring. (Ungur fjölskyldurfaðir)

Metnaðarfull uppbygging og rekstur skíðasvæðis, alpa og göngusvæðis. (Áhugamanneskja um skíðaíþróttir)

Komum upp góðri aðstöðu til knattspyrnuíðkunar allt árið um kring. (Fótboltaíðkandi)

Höfum frístundastyrki rausnarlega til að öll börn geti tekið þátt í þeim íþróttum sem þau vilja. (Foreldri)

Framtíðarsýn

Að sem flestir íbúar Fjallabyggðar stundi reglulegar íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu við góðar aðstæður. Boðið sé upp á framúrskarandi æfinga- og keppnisaðstæður í völdum íþróttagreinum.

Það er hlutverk sveitarfélagsins að koma að öflugri innviðauppbyggingu til að styðja við íþróttalíf í sveitarfélaginu. Restin er svo undir íþróttafélögunum komin. (Virkur íþróttaiðkandi)



Leiðarljós

- Að Fjallabyggð í samstarfi við íþróttafélögin vinni að því að gera iðkun íþróttar að sjálfsögðum lífstíl íbúa og stuðli þannig að bættum lífsgæðum þeirra.
- Að tryggja afreksíþróttafólki svigrúm og umgjörð til að ná eins langt í sinni íþrótt og kostur er.
- Að íþróttafélög í Fjallabyggð sameinist undir eitt nafn, eina stjórn og eitt merki, en undirdeildir fyrir hverja íþróttagrein séu sjálfstæðar rekstrareiningar.

Gildi

- Jákvæðni – í gegnum allt starf íþróttafélaga og uppbyggingu aðstöðu.
- Samvinna – í gegnum allt uppbyggingarferli íþróttamannvirkja.
- Metnaður – einkenni alla uppbyggingu og viðhald íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu.



Stefnumótun á breiðum grunni með aðkomu fjölda hagsmunaaðila

Á grundvelli málefnasamnings A og D lista samþykkti Bæjarstjórn Fjallabyggðar á fundi sínum 8. febrúar 2023 að stofnaður yrði samráðshópur um stefnu og framtíðarsýn íþróttamála.

Samráðshópin skipuðu fyrir hönd bæjarstjórnar þau Tómas Atli Einarsson formaður, Guðjón M. Ólafsson varaformaður, Þorgeir Bjarnason, Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri sem stýrir stefnumótunavinnunni og Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála sem er jafnframt starfsmaður hópsins

Fyrir hönd Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar voru tilnefnd þau Óskar Þórðarson, Dagný Finnsdóttir, Elsa Guðrún Jónsdóttir, Sigurgeir Haukur Ólafsson og Þorvaldur Sveinn Guðbjörnsson.

Auk þess var haft samband við íþróttafélög og fleiri hagsmunaaðila.



Umfjöllunarefni samráðshóps

- 1 Stefnumótun til framtíðar um metnaðarfulla uppbyggingu fjölbreytts íþróttastarfs fyrir íbúa Fjallabyggðar á öllum aldri.
- 2 Styrkjakerfi sveitarfélagsins til íþróttamála með tilliti til þess hvernig hægt sé að hvetja til sameiningar íþróttafélaga í sömu grein innan sveitarfélagsins.
- 3 Framtíðarsýn í uppbyggingu íþróttamannvirkja og aðstöðu til íþróttaiðkunar innanhúss og utan.
- 4 Að ráðstöfum fjármuna sveitarfélagsins sé forgangsraðað á þann hátt að þeir nýtist fjöldanum.
- 5 Rekstrarform íþróttasvæða og mannvirkja í eigu sveitarfélagsins.





1

Stefnumótun til framtíðar um metnaðarfulla uppbyggingu fjölbreytts íþróttastarfs fyrir íbúa Fjallabyggðar á öllum aldri.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Góð lýðheilsa: að 70% íbúa stundi reglulega hreyfingu í 30 mínútur að lágmarki þrisvar í viku.	<ul style="list-style-type: none">● Að bjóða upp á fjölbreytta íþróttastarfsemi fyrir fólk á öllum aldri.● Kynna vel það íþróttastarf sem í boði er.	Til framtíðar.	Leik- og grunnskóli, íþróttafélögin, Hátindur 60+, Heilsueflandi Fjallabyggð, félagsþjónusta og Fjallabyggð.
Fjölbreytt íþróttastarf barna. Að öll börn og unglingar hafi kost á fjölbreyttri íþróttaiðkun og geti prófað mismunandi íþróttagreinar.	<ul style="list-style-type: none">● Að veita hverju barni á aldrinum 4 - 18 ára árlegan frístundastyrk.● Að skapa rými fyrir íþróttæfingar strax að loknum skóladegi grunnskólabarna m.a. gegnum Frístund.	Til framtíðar.	Íþróttafélög og Fjallabyggð.
Afreksstarf í íþróttum. Að skapa rými og styðja við afreksíþróttafólk í Fjallabyggð.	<ul style="list-style-type: none">● Að skapa rými fyrir afreksíþróttafólk sem er í skóla eða atvinnu hjá sveitarfélaginu.● Að veita stuðning í formi aðstöðu við ástundun íþróttagreinarinnar.	Til framtíðar.	Fjallabyggð, UÍF.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Kostnaður iðkenda í lágmarki: Stuðla að því að kostnaður við íþróttá- og tómstundastarf hamli ekki þátttöku.	<ul style="list-style-type: none">● Að tryggja að kostnaður hamli ekki þátttöku barna- og unglunga í íþróttagreinum og hreyfiúrræði.	2024-2036	Fjallabyggð og UÍF
Aðgengi að íþróttaiðkun: Að auðvelda íbúum að sækja æfingar og þjálfun. Að samgöngur hamli ekki að einstaklingar nái að nýta framboð til bættrar lýðheilsu.	<ul style="list-style-type: none">● Að tryggja samgöngur milli byggðakjarna þannig að börn, unglingar og aðrir íbúar Fjallabyggðar geti sótt hreyfi-og heilsuúrræði sem í boði eru.	Til framtíðar	Fjallabyggð í gegnum akstursþjónustu Fjallabyggðar og skóla- og frístundaakstur. Íþróttafélög.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Sterk, öflug og fagleg íþróttafélög.	<ul style="list-style-type: none">Stækkun og sameining félaga í sömu íþróttagrein til að ná fram samlegðaráhrifum og rekstrarhagræði sem styrki faglegt starf þeirra iðkendum þeirra til hagsbóta.	Sameiningu sé lokið í árslok 2026.	Fjallabyggð, UÍF og íþróttafélögin sem um ræðir.
Sameining allra íþróttafélaga undir einn hatt. Eitt félag með eitt nafn, sama búning en mismunandi rekstrardeildir.	<ul style="list-style-type: none">Horft verði til þess að sem flest íþróttafélög í Fjallabyggð sameinist undir eitt félag.Öll félög keppi undir sama heiti og klæðist sömu búningalitum.Áfram verði fagfélögin ábyrg fyrir sínum rekstri.	2026-2027	Fjallabyggð, UÍF, íþróttafélögin.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Skýr forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja.	<ul style="list-style-type: none">Samráðshópurinn setji fram skýra forgangsröðun ásamt hugmynd að skiptingu fjármuna til uppbyggingar til ársins 2035 sem lögð er fyrir bæjarráð og bæjarstjórn. Við gerð fjárhagsáætlunar verði ákveðið hvaða fjármunum verði varið til uppbyggingar.	Árleg fjárhagsáætlunargerð.	Bæjarstjórn Fjallabyggðar.
Eftirsóknarverður staður heim að sækja til íþróttaiðkunar.	<ul style="list-style-type: none">Aðstaða til iðkunnar ýmissa íþróttagreina verði byggð upp með myndarlegum hætti þannig að eftirsóknarvert sé fyrir innlenda og erlenda gesti að koma og dvelja til lengri eða skemmri tíma í sveitarfélaginu.Horft verði til uppbyggingar varðandi brimbrettaaðstöðu, fjallaskíða, þyrluskíða og gönguskíðamennsku, gönguferðir, golf, hjólreiðar, hlaup og fleira.	Mismunandi eftir íþróttagreinum.	Fjallabyggð og ýmsir hagsmunaaðilar.

2

Styrkjakerfi sveitarfélagsins til íþróttamála með tilliti til þess hvernig hægt sé að hvetja til sameiningar íþróttafélaga í sömu grein innan sveitarfélagsins.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Hvatastyrkir til sameiningar félaga sömu íþróttagreinar.	<ul style="list-style-type: none">● Hvatastyrkur verði veittur sameinuðu félagi.	2026	Fjallabyggð.

3

Framtíðarsýn í uppbyggingu
íþróttamannvirkja og aðstöðu til
íþróttaiðkunar innanhúss og utan.



Forgangsröðun uppbyggingar



- 1 Byggja upp góða heilsárs æfinga- og keppnisaðstöðu fyrir knattspyrnu í Ólafsfirði gervigrasvöllur í fullri stærð.
- 2 Viðbygging og endurbætur við Íþróttamiðstöð Fjallabyggðar á Siglufirði.
- 3 Uppbygging nýs golfskála á Skeggjabrekkuvelli sem einnig nýtist annarri útivist yfir vetrartímam.
- 4 Klára framkvæmdir sem hafnar eru við golfvöll í Skeggjabrekkudal.
- 5 Uppbygging framtíðar skíðasvæðis í Skarðsdals.
- 6 Bæta aðstöðu til gönguskíðaiðkunar í sveitarfélaginu – uppbygging Bárubrautar í Ólafsfirði.
- 7 Tryggja að golfskáli við golfvöll í Hólsdal verði áfram í þjónustu við iðkendur golfvallarins.
- 8 Byggja upp aðstöðu fyrir brimbrettafólk við Brimnes í Ólafsfirði.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Kostnaðarmat: Leggja mat á kostnað varðandi þær framkvæmdir sem vilji er til að ráðast í.	<ul style="list-style-type: none">● Forgangsráða verkefnum og fá tæknideild bæjarins til að útbúa gróft kostnaðarmat á þeim framkvæmdum sem efstar eru á forgangslista.	2023	Fjallabyggð.
Uppbygging knattspyrnumannvirkja í Ólafsfirði.	<ul style="list-style-type: none">● Upphitaður gervigrasvöllur í fullri stærð verði byggður í Ólafsfirði.	Skipan starfshóps haust 2023. Stórbætt aðstaða innan 5 ára þ.e. 2028.	Fjallabyggð og KF.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Íþróttamiðstöðin á Siglufirði. Að leggja meiri fjármuni til að klára nauðsynlegt viðhald, bæta aðgengi, bílaplön og búningaþstöðu viðbyggingu.	<ul style="list-style-type: none">● Klára framkvæmdir sem lengi hafa verið á dagskrá s.s. viðbygging, stóraukið viðhald, aðgengismál fatlaðra, ný bílastæði, búningaþstöðu, afgreiðslu o.fl.	2023-2026	Fjallabyggð.
Golfvöllur Skeggjabrekkudal: Byggja tækjageymslu og golfskála. Klára uppbyggingu golfvallar.	<ul style="list-style-type: none">● Halda þarf áfram að byggja upp golfvöllinn líkt og áætlanir gera ráð fyrir. Þá þarf að reisa tækjageymslu og til framtíðar að reisa golfskála sem bæði getur nýst golfiðkendum og gönguskíðafólki.	Framkvæmdum lokið 2030.	Golfklúbbur Fjallabyggðar og Fjallabyggð.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Sameiginleg uppbygging skíðaaðstöðu með sameiningu skíðafélaga. Uppbygging fyrir gönguskíði í Ólafsfirði og fyrir alpagreinar á Siglufirði.	<ul style="list-style-type: none">Ræða við félögin varðandi sameiningu. Framtíðar uppbygging gönguskíðabrautar í Ólafsfirði ásamt aðstöðu fyrir iðkendur. Byggja upp glæsilegt skíðasvæði í Skarðsdal með færslu á lyftum, nýjum bílastæðum og skíðaskála.	Framkvæmdir hefjist sem fyrst og verði að fullu lokið 2029.	Fjallabyggð, skíðafélögin og Leyningsás.

4

Að ráðstöfum fjármuna
sveitarfélagsins sé forgangsraðað
á þann hátt að þeir nýtist fjöldanum.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Styrkir til íþróttamála.	<ul style="list-style-type: none">Áfram verði veittur styrkur til barna og unglíngastarfs í gegnum UÍF.	Árleg fjárhagsáætlunargerð.	Bæjarstjórn Fjallabyggðar.
Framkvæmdaráætlun viðhalds íþróttamannvirkja verði unnin samhliða fjárhagsáætlun.	<ul style="list-style-type: none">Fjallabyggð geri sérstaka framkvæmdaráætlun varðandi viðhaldsmál á íþróttamannvirkjum samhliða gerð fjárhagsáætlunar ár hvert og fjármunir tryggðir í ákv. viðhalds- og uppbyggingarverkefni innan málaflokksins.	2024-2036	Fjallabyggð.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Rekstrarfyrirkomulag íþróttasvæða.	<ul style="list-style-type: none">● Að útvista rekstur íþróttasvæða til íþróttafélaga og/eða verktaka.● Samningar um rekstur íþróttasvæða samræmdir.● Taka tillit til fleiri þátta s.s. ferðapjónustu og atvinnulífs.● Nýta samlegðaráhrif milli íþróttasvæða s.s. samnýta tæki, mannskap og þekkingu.● Skoða framtíðarfyrirkomulag á rekstrarformi skíðasvæðis í Skarðsdal og golfvelli í Hólsdal.	2024-2025	Fjallabyggð, UÍF, Leyningsás og einstaka íþróttafélög.



5

Rekstrarform ípróttasvæða
og mannvirkja í eigu
sveitarfélagsins.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Samræming rekstar íþróttasvæða/mannvirkja.	<ul style="list-style-type: none">● Rekstrarstyrkir samræmdir.	2024	Starfsfólk stjórnsýslu. Bæjarstjórn.
Útvistun heildarumsjón og rekstri með íþróttasvæðum/mannvirkjum.	<ul style="list-style-type: none">● Útvista til einstaka íþróttafélaga/ undirfélaga og jafnvel eignfæra húsa- og tækjakost á svæðunum. Árlega rekstrarstyrkur veittur en ábyrgð og umsjón alfarið á hendi hvers félags.● Þannig er fagþekking á viðkomandi sviði nýtt og nýting fjármuna betri.	2024-2036	Fjallabyggð og einstaka aðildarfélög/undirfélög.

Markmið

Markmið	Aðgerð	Tímasetning	Ábyrgðaraðili
Rekstrarfyrirkomulag íþróttasvæða.	<ul style="list-style-type: none">● Taka tillit til fleiri þátta s.s. ferðapjónustu og atvinnulífs.● Nýta samlegðaráhrif milli íþróttasvæða s.s. samnýta tæki, mannskap og þekkingu.● Skoða framtíðarfyrirkomulag á rekstrarformi skíðasvæðis í Skarðsdal og golf velli í Hólsdal.	2024-2025	Fjallabyggð, UÍF, Leyningsás og einstaka íþróttafélög.